

### **Fundargerð 181. fundar stjórnar VM**

Haldinn fimmtudaginn 25. janúar kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson og Helgi Már Sigurgeirsson.

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Jóhann Erlingsson og Tinna Magnúsdóttir.

Fjarverandi: Agnar Ólason og Kristmundur Skarphéðinsson og Símon Guðvarður Jónsson.

#### **Dagskrá :**

#### **Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 180**

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

#### **Skýrsla formanns og staða kjaramála**

Frá síðasta stjórnarfundi hefur verið mikið að gera í kjarasamningaviðræðum. Þá stóðu málin þannig að við vorum að reyna að ná saman í samninganefnd ASÍ, FLSA (Flösu).

18. desember var fundað með öllum okkar samninganefndum hér í húsi þ.e. VM, RSÍ og Matvís. Í húsi og með þeim sem voru á fjarfundi voru þetta um hundrað manns. Þar kom skýrt fram að menn voru ekki tilbúnir að fara krónutöluleið. Á fundi daginn eftir var það ljóst að við áttum ekki samleið með Flösu hópnunum, þar sem þar var algjört skilyrði að við færum með króutöluleiðina og við höfðum einfaldlega ekki umboð til þess. Þannig að við fórum sér og áttum svo fyrsta fund með SA 28. desember og annan þann 4. janúar sl. og það var árangurslaust, þeir voru að tefja málið á meðan þeir voru að tala við breiðfylkingu ASÍ, þá lýstum við yfir árangurslausum fundi og vísuðum deilunni til sáttasemjara, sem er fyrsta skrefið í því að fara að boða til verkfalla. Síðan eru búnir að vera þrír fundir hjá sáttasemjara og línur aðeins að skýrast. Það er alveg skýrt að SA vill frekar fara prósentu leið, þeir segja að krónutöluleiðin skapi svo mikið launaskrið að það sé erfitt að halda utanum það, sérstaklega hjá opinber geiranum, ríki, sveitarfélögum og borginni. Þeim finnst við vera heldur of lítill hópur til að búa til einhverja þjóðarsátt, bara hluti af iðnaðarmannasamfélaginu. Þessir fundir sem við höfum átt með sáttasemjara hafa borið þó nokkurn árangur og þeir eru búnir að segja að þeir séu tilbúnir að fara prósentu leiðina og við erum mjög nálægt hvor öðrum í prósentum. Þeir hafa óskað eftir því að við stækkum hópinn, þannig að við höfum einnig talað við BHM, BSRB, bankamenn og fleiri sem vilja blandaða leið en ekki krónutöluleið. Allir þeir hópar sem við höfum talað við og farið yfir okkar kröfur með hafa verið mjög hrifnir af þeirri nálgun sem við höfum notað. Næsti fundur okkar með SA hjá sáttasemjara er á morgun. Það kom svo í ljós í gær að það er eitthvað að hiksta hjá breiðfylkingunni og verður forvitnilegt að vita hvað gerist hjá okkur á morgun og hvert framhaldið verður hjá þeim. Það á eftir að skýrast betur hvort hinir verði teknir inn í hópinn samhliða okkur eða hvort við verðum látnir klára fyrstir, en allavega þá er þessi prósentu hópur mjög samstilltur.

Formaður og Halldór áttum fundi með sjómönnum um hátíðirnar. Við vorum á Ísafirði 26. desember, Vestmannaeyjum 27. desember, Reykjavík 28. desember, Reyðarfirði og Akureyri 29. desember, Grundarfirði 30. desember og Höfn í Hornafirði 2. janúar. Það voru miklar skoðanir um það hvað við ættum að gera með þennan fellda samning. Allt frá því að það hafi verið stór mistök að fella hann yfir í það að gjör breyta um stefnu. Þannig að það var kannski vont að finna einhverja eina leið sem sjómenn vildu fara. Við tókum eftir því við Halldór, en hann var með mér á flestum fundunum, að það var mun betri mæting heldur en undanfarin ár, sérstaklega á þeim stöðum þar sem mætingin hefur verið mjög léleg. Við erum að reyna að púsla þessu eitthvað saman og reyna að finna hvaða leið er best að fara með sjómennina. Við erum búin að eiga þrjá fundi með SFS, þeir hafa verið að bjóða allskonar leiðir í tímakaupinu en ekkert miðað þar enn. Við erum þar í samtali með SVG (Sjómanna- og vélstjórafélagi Grindavíkur). Þeir hafa boðið þrjár leiðir í tímakaupi, ein kannski nothæf, en ekkert fyrir SVG. Svo eftir fund á þriðjudaginn með tveimur frá SFS þar sem formaður formaður SVG varð reiður og sagði þeim að það væri ekkert í þessu fyrir sína menn, héldum við að þetta væri búið og að við værum að fara í aðgerðir, en SFS hafði samband við og vill reyna að koma betur til móts við okkur. Þeir eru búinir að boða stóru samninganefndina sína í fund á þriðjudaginn kemur, þannig að það er eitthvað að gerast hjá Sjómannasambandinu. Þegar við vorum kallaðir saman fyrir ári síðan þá átti að fara að ræða málin, en þá lá samningurinn bara tilbúinn á borðinu og skipstjórnarmenn og sjómannasambandið búið að gefa grænt ljós á það, en við komum af fjöllum. Það hefur mikill tími farið í svona mál.

Við funduðum líka með Sjúkrasjóði og orlofsnefnd. Reglubundinn fundur með sjúkrasjóði.

### **Orlofsmál**

Orlofsnefndin er að skoða að fara að skipta um varmaskipta í litlu raðhúsunum á Laugarvatni. Það þarf að fá tilboð í það áður en við getum farið að ræða það. Það er þannig núna að kerfið annar ekki að hita húsin í kulda og það er búið að loka fyrir alla potta við húsin. Formaður vill fá að nota Gunnar Fannberg í allt sem við gerum, hann getur verið með eftirlitið og hann kann að fá tilboð. Þegar kemur að þeim fundum þá hefur orlofsnefndin verið með í því.

Á fundi orlofsnefndar bar formaður fram tillögu: Það er inni á gáttinni hjá ykkur bæklingur á rafrænu formi, undir fundinum svokallaður húsabæklingur sem gerður var fyrir Byggið. Þetta er hugsað fyrir að þegar fólk kemur á ókunnugan stað þá eru þarna gagnlegar og kannski ógagnlegar upplýsingar um svæðið. Byggið er eina félagið sem er með þetta, en það er áhugi hjá hinum félögum að láta gera svona fyrir sig. Baldur hjá Orðaval hefur gert þetta fyrir Byggið. Hann gaf okkur kostnaðaráætlun sem er bara fyrir okkur. Ef rýnt er í þetta þá kostar ein bók kr. 108.500.-, en tvær bækur á sama stað kosta kr. 139.500.- það er mikið ódýrara að fjölfalda þetta. Samtals eru þetta um kr. 800.000.- Ef hann býr til 40 – 50 bækur fyrir Laugarvatn, Apavatn og Dalbúa og Syðri Reyki, þá lækkar þetta enn meira. Langar að byrja á Laugarvatni og reikna með að það fari ekki yfir kr. 600.000.- og sjá hvernig það kemur út í verði og vera búin að dreifa þeim bókum fyrir sumarið. Ef það gengur vel og hann heldur sig innan við kr. 600.000.- þá bætum við allavega Svignaskarði við. Öll félögin eru með hús í Svignaskarði þar yrði eins bók fyrir alla. Umræða um uppfærslur og fleira. Fólk hrifið af hugmyndinni. Allir samþykkir því að setja þetta í gang.

### **Auglýsingar - Fagfélögin**

Hafið þið heyrt eða séð þessar auglýsingar frá Fagfélögum um að verðbólgan sé ekki af okkar völdum. Auglýsingar í útvarpi og líka skjáauglýsingar í kringum handboltann. Formaður sýnir

auglýsingu af heimasíðu VM. Gert til að svara gagnrýni um að það heyrir lítið frá okkur. Tekin ákvörðun í stjórn Fagfélaganna að eyða 5 milljónum í auglýsingar og þær unnar sem mest innandyrar af grafískum hönnuði sem er í vinnu hér. Umræða um auglýsingar og árangur þeirra. Spurning um að félögin séu sýnileg og ekki á neikvæðan hátt. Við munum halda áfram þessum auglýsingum. Umræða um heimasíðuna. Við reynum að hafa hana lifandi, þannig að það sé alltaf eitthvað nýtt og fréttirnar fara líka inn á Facebook.

### Uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd er búin að skila sínu, hennar hlutverk er að taka við framboðum og koma þeim til skila. Hún raðar upp 16 efstu mönnunum það er lágmarks fjöldinn sem þarf í stjórn og varastjórn. Þeir sem útaf standa verða að safna 20 undirskriftum til að geta boðið sig fram. Amk 6 vikum fyrir aðalfund skal vera búin að skila inn öllum framboðum. Farið yfir hverjir það eru sem búin er að stilla upp. Þeir lögðu svolitla áherslu á að reyna að fá frambjóðendur úr almenna samningnum sem er um helmingur félagsmanna. Það eru tveir sem eru búnir að segja sig úr stjórn á kjörtímabilinu.

Síðan hafa tveir aðalmenn ákveðið að gefa ekki kost á sér og tveir vara menn hafa einnig ákveðið að gefa ekki kost á sér. Það er mikil eftirspurn eftir því að komast í stjórn, því það voru 12 sem buðu sig fram en þurfa að fá 20 undirskriftum.

### Stutt fundarhlé.

### Lagt fram til upplýsingar

Farið yfir breytingar á félagsgjöldunum. Hvað það mun kosta félagið ef við förum að endurgreiða m.v. hámark félagsgjalds. Umræða um málið, sanngjarnara að lækka % á alla félagsmenn. Þurfum að taka ákvörðun um þetta á næsta fundi. Ef það á að breyta þessu þá þarf að breyta lögunum og það þarf að vera búin að taka ákvörðun um það í síðasta lagið á mars fundinum.

Umræða um fjármögnun verkfallssjóð.

### Önnur mál

Spurt var út í endurskoðun á lögunum félagsins. Formaður svaraði því til að Haukur Örn Birgisson lögmaður er að skoða málið og lofaði að gefa upp dagsetningar fyrir þennan fund um það hvenær hann gæti byrjað, en það er ekki kominn póstur frá honum. Formaður áframsendir póstinn þegar hann kemur.

Spurt var út í vinnustaðaeftirlitið. Tveir stafsmenn hér í húsi í vinnustaðaeftirliti, en annar þeirra er greiddur af Eflingu og Hlíf í Hafnrafirði, en hinn af Fagfélögunum en það var gert samkomulag um að þeir fengju að vinna saman, því það getur verið erfitt að vera einn í vinnueftirliti. Umræða um mansal og fleira því tengt.

Spurt var út í aðgengi að fundargerðum hjá Fagfélögunum. Formaður svaraði því til að þetta væri í athugun hjá hinum félögunum í húsinu. Lofaði að ýta á þetta á næsta stjórnarfundum Fagfélaganna, sem er á næsta þriðjudag.

Fundi slitið 11:37

Fundargerð ritaði Elín Sigurðardóttir